

Hinsegin börn og ungmenni í íþróttá-,
tómstunda- og æskulýðsstarfi

STÖÐVUM FORDÓMA OG MISMUNUN






Gefið út af mennta- og
barnamálaráðuneytinu.

Samtökin '78, 2024.

Teikningar: Elías Rúni



Ísland hefur náð miklum árangri síðastliðna áratugi þegar að kemur að réttindabaráttu hinsegin fólks. Árið 2024 var Ísland í öðru sæti á regnbogakorti ILGA-Europe, sem mælir lagaleg réttindi hópsins í Evrópu og Mið-Asíu. Ísland er þó ekki komið í mark. Hinsegin fólk upplifir ennþá mismunun og fordóma og það er mikilvægt að halda áfram að vinna að því markmiði að öllu hinsegin fólki líði vel í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfi.

Til að bæta upplifun hinsegin barna og ungmenna vega tveir þættir þyngst, sýnilegur stuðningur annars vegar og hins vegar að stöðva mismunun og særandi orðræðu. Hvort tveggja eru þættir sem geta haft jákvæð áhrif á allt hinsegin samfélagið og einnig vini hinsegin fólks og fjölskyldur þeirra. Einnig skiptir máli að vinna að sértækari þáttum sem hafa áhrif á trans og intersex fólk, svo sem aðstöðumálum og inngildandi málnotkun.

Þessi bæklingur er hluti af þriggja bæklinga röð sem hefur það meginmarkmið að auka þátttöku og aðgengi hinsegin fólks að íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfi, í þeirri von að draga megi úr brottfalli hinsegin barna og ungmenna.

Grunnur að árangri

Svo betur gangi að takast á við fordóma og skaðlega orðræðu er mikilvægt að félög, skólar og stofnanir hafi unnið grunnvinnu í jafnréttismálum. Hér verður farið yfir helstu atriði sem gott er að séu til staðar.

JAFNRÉTTISSTEFNA

Starf fyrir börn og ungmenni ætti að vera inngildandi (e. *inclusive*) fyrir allt hinsegin fólk svo það standi sem flestum til boða að taka þátt. Gagnlegt er að yfirfara stefnur og reglur reglulega til að gæta þess að þær séu í takti við tímann og gæti hagsmuna allra barna og ungmenna. Það skiptir máli að það standi skýrt í reglunum að fordómar og einelti í garð hinsegin fólks sé ekki liðið. Einnig skiptir máli að orðalag sé inngildandi og útiloki engan iðkanda.

Tillögur að orðalagi: Það eiga ekki öll börn mómmu og pabba og því er betra að segja *foreldrar eða aðstandendur eða forsjáraðili/aðilar* til að ná yfir öll fjölskyldumynstur. Breyta texta í *öll kyn* í stað *beggja kynja, karla og kvenna* o.s.frv. eins og á við á hverjum stað. Bann við mismunun vegna *kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna* og *kyntjáningar* nær yfir alla hinsegin hópa.

SIÐAREGLUR

Það er mikilvægt að allt fólk sem kemur að starfinu sé meðvitað um hvaða hegðun er í lagi og hver ekki. Þar leika siðareglur lykilhlutverk. Dæmi um óásættanlega hegðun geta verið agabrot, særandi orðræða/hegðun og mismunun. Gildi þurfa að vera skýr og gott er að vísa til jafnréttisstefnu. Koma þarf fram hverju fólk á von á ef siðareglur eru brotnar. Siðareglur ættu að vera vel sýnilegar öllum í formi plakats á veggjum mannvirkja en einnig aðgengilegar inni á vefsíðu félagsins. Mikilvægt er að siðareglur séu endurskoðaðar reglulega. Upptalning á þeim sem fylgja þurfa siðareglum er mismunandi eftir þeirri starfsemi sem um ræðir hverju sinni. Ákvæði í siðareglum íþróttafélags, sem nær yfir fordóma gegn hinsegin fólki og öðrum hópum, getur t.d. litið svona út:

Starfsfólk, leikmenn og sjálfboðaliðar skulu ekki mismuna á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar, aldurs, trúarbragða, fítlunar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.

RÁÐNINGARSAMNINGAR

Allt ráðningarsamband ætti að staðfesta með skriflegum ráðningarsamningi. Verið er að gæta að réttindum beggja aðila með slíkum samningi. Við ráðningu skiptir máli að viðkomandi fái kynningu á siðareglum og hverjar afleiðingar séu ef þær eru brotnar. Mælt er með að í ráðningarsamningi sé ákvæði um að ef viðkomandi starfsmaður gerist brotlegur gagnvart siðareglum eða sé undir rannsókn vegna ofbeldisbrota megi rifta samningnum. Einnig getur verið upplýsandi að kanna í ráðningarferli hvernig færslur viðkomandi birtir opinberlega á samfélagsmiðlum. Fordómar á þeim miðlum eru jafn óásættanlegir og í raunheimum.

Ákvæðið gæti litið svona út:

Hvers konar mismunun í orði eða verki, í persónu eða á vefmiðlum, á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar ... er óheimil.

Í boltaíþróttum er sérstaklega mikilvægt að setja verndandi ákvæði í alla samninga við leikmenn sem tiltekur að það hafi ekki áhrif stöðu einstaklings ef leikmaður reynist vera hinsegin.

TILKYNNINGAR

Það er mikilvægt að geta tilkynnt fordómafulla hegðun, brot á siðareglum og aðra særandi hegðun innan starfsins sem utan. Það þarf því að vera skýrt og aðgengilegt hvar hægt er að tilkynna mismunun í garð hinsegin fólks og mikilvægt að fólk upplifi sig öruggt þegar það tilkynnir slíkt.

Starfsfólk, iðkendur og aðstandendur eru ekki alltaf meðvituð um hvert eigi að leita ef upp koma erfið og viðkvæm mál og því er mikilvægt að senda upplýsingar í t.d. tölvupósti og segja frá því verklagi sem unnið er eftir. Dæmi um fyrsta skref í slíku verklagi gæti verið að fólk hafi samband við tiltekna manneskju innan starfsins sem beri ábyrgð á að leiða málið áfram eða hafi beint samband við samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs.

Einnig getur fólk haft samband við Samtökin '78 og óskað eftir ráðgjöf og stuðningi.

Hvernig stöðvum við særandi orðræðu?

Særandi orðræða hefur neikvæð áhrif á allt hinsegin fólk og því er mikilvægt að stöðva hana. Hún er víða í samfélaginu og hinsegin fólk heyrir hana frá unga aldri.

Þegar fólk áttar sig á því að það sé hinsegin man það gjarnan alla þá særandi orðræðu sem það heyrði í æsku sem gefur til kynna að það sé slæmt eða jafnvel hættulegt að vera hinsegin. Í kjölfarið felur hinsegin fólk sitt rétta sjálf af ótta við höfnun frá samfélaginu. Þetta hefur sérstaklega áhrif á börn og unglinga sem hafa ekki endilega þroska til þess að aftengja neikvæða orðræðu um hinsegin fólk við sig sjálf.

Oft eru orð um hinsegin fólk notuð í öðrum tilgangi en að tala illa um hinsegin fólk og það sem fólk meinar er t.d. *skrýtinn*, *öðruvísi* eða *kvenlegur*. Allar tengingar hinseginleika við eitthvað neikvætt hafa engu að síður áhrif.

Mikilvægt er að hafa í huga að jafnvel þótt þið vitið ekki af neinum hinsegin í rýminu þá kemur oft í ljós seinna að það voru einstaklingar í skápnum og að orð og frasar sem voru sagðir í hugsunarleysi særðu þá einstaklinga. Hinsegin fólk getur verið í skápnum á öllum aldri og því er mikilvægt að stoppa særandi orðræðu alls staðar.

Gleymum þó ekki að særandi orðræða hefur líka neikvæð áhrif á fólk sem þykir vænt um hinsegin fólk. Fjölskyldur og vinir fá líka hnút í magann þegar talað er illa um hópinn.

Skipta má særandi orðræðu í **meðvitaða** og **ómeðvitaða**. Meðvituð særandi orðræða er þegar viðkomandi er meðvitað að vera fordómafullur í garð hinsegin einstaklings og tilgangurinn er að særa eða mismuna.

Í flestum tilfellum er þó um ómeðvitaða særandi orðræðu að ræða. Þar eru ákveðin orð eða frasar notuð í hugsunarleysi og ekki í þeim tilgangi að særa hinsegin fólk, en þau særa samt sem áður. Oft eru einstaklingar ekki einu sinni meðvitaðir um að algengir frasar og brandarar séu særandi og hætta að nota þá þegar þeir eru fræddir um það.

Fólk sem ber ábyrgð á íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarfi hunsar oft svona orðræðu því það er ekki meðvitað um skaðsemi hennar, líta á hana sem klefahúmor (e. *banter*) eða kunna ekki að tækla hana. Frasar á borð við 'gaur ertu faggi eða' og 'vá hvað þetta er hommalegt' eru túlkaðir sem saklausir brandarar og jafnvel þó þeim sé ekki alltaf beint að hinsegin fólki, þá gefa þeir í skyn að það sé eitthvað að því að vera hinsegin.

Það skiptir höfuðmáli að hvert félag eða stofnun fræði sitt starfsfólk um skaðsemi særandi orðræðu og birtingarmyndir hennar auk þess að kenna þeim hvernig eigi að tækla hana þegar hún kemur upp. Starfsfólk þarf líka að gæta þess að eigin framkoma og orðræða sé til fyrirmyndar og beri einkenni samþykktar og fjölbreytileika. Nemendur og iðkendur líta upp til þeirra sem leiðbeina þeim og því er mikilvægt að fullorðnir séu jákvæðar fyrirmyndir.

UPPBYGGING FORDÓMA OG VÍTAHRINGUR


Fólk er ekki alltaf meðvitað um það hvernig fordómar birtast og stíga því ekki inn í, en það veldur því að fordómar geta stigmagnast og orðið að alvarlegu vandamáli. Eins geta fordómar og særandi orðræða viðhaldist í menningu íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarfs, sem stuðlar að brottfalli hinsegin barna og ungmenna.

Fordómar gagnvart hinsegin fólki byggja á kerfisbundnu viðhaldi hins hefðbundna. Með því að vera meðvitað um uppbyggingu fordóma má koma í veg fyrir stigmögnun þeirra.

Mikilvægt er að stuðla að jákvæðri menningu og rjúfa vítahring fordóma í íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarfi.

Skýringarmyndirnar á næstu opnu má nálgast sem plaköt í fullri upplausn á vef Samtakanna '78 undir samtakin78.is/utgafa.





ANDLEGT OFBELD

OJ BARA, SJÁIÐ HANN!
GELT GELT

HVORT ER ÞETTA EIGINLEGA STELPA EÐA STRÁKUR?
HAHA HAHA

ÞREYTU ÞIG, HELVÍTIS HOMMI

ÉG FER EKKI AD NOTA EINHVER TILBÚIN FORNOFN FYRIR ÞIG!

UNNID GEGN HINSEGIN-LEIKA

OJ, HVAD ÞETTA ER HOMMALEGT.

60 ummæli
Virkur í athugasemdum Trans konur eru karlar Líkar þetta · Svara · 5
Virkur í athugasemdum KYNSKIPTINGUR! Líkar þetta · Svara · 3
Virkur í athugasemdum

ÞIÐ FARIÐ TIL HELVÍTIS.



MÓTÞRÖI VIÐ HINSEGIN-LEIKA

ÞAU ERU BARA ATHYGLISSJUK.
GLEÐIGANGAN GENGIN Í ÖRG

ERTU FAGGI, EÐA?
ÞETTA ER TÖM ÞVÆLA, ÞAD ERU BARA TVO KYN.

GET ÉG ÞÁ SKILGREINT MIG SEM ÞYRLU?
VÁ, HVAD ÞETTA ER GAY!

ÉG VIL EKKI HAVA HOMMA Í KLEFANUM.

HINSEGIN-LEIKI DREGINN Í EFA

ER ÞETTA EKKI BARA TÍMABIL?
AF HVERJU ÞARF ÉG AD VITA AD ÞU SERT HINSEGIN?

ÞARF ALLTAF AD VERA AD TALÐ UM ÞETTA?
ÞAD MATTU FLEIRI LESBIUR VERA BARA VENJULEGAR EINS OG ÞU.

EIGA TRANS OG INTERSEK KONUR NOKKUD HEIMA Í KVENNAFLOKKI?

VIÐHALD HINS HEFÐBUNDNA

FÁIÐ HJÁLÐ FRÁ MÓMMU OG PABBA VIÐ HEIMANÁMID.


ERTU KOMIN MED KERASTA?
HELDURDU AD HANN SÉ HOMMI?
NEI, ÞAD ERU ENGR HOMMAR Í FÓTBOLTA.

ERTU ÞU SVONA HAN?
FLOTTUR JAKKI!
NO HOMO, SAMT.


JEJJA, KRÁKKAR, SKIPTUM Í STELPUR OG STRÁKA.

Hvernig get ég brugðist við?


Nemandi segir særandi orð eða frasa á borð við 'kynskiptingur' eða 'gaur ertu faggi'. **Eru til staðar siðareglur sem gefa til kynna að særandi orðræða sé óásættanleg hegðun?**




Starfsfólk á auðveldara með að stíga inn í og stöðva særandi orðræðu ef siðareglur styðja við það.




Segðu nemendum að særandi orðræða sé bönnuð og útskýrðu hvaða áhrif hún hefur. **Skilur nemandinn það?**




Stundum þarf að endurtaka sig nokkrum sinnum í viðbót. Nemandi ætti að skilja að særandi orðræða er bönnuð og hættir í kjölfarið að nota hana.




Nemandinn heldur áfram að nota særandi orðræðu og það sama gildir um hina í bekknum. Þá er gott að útskýra nánar hvaða áhrif hún hefur á aðra og þá sérstaklega hinsegin fólk. Einnig er gott að nefna að svona talsmáti verði ekki liðinn. **Hætta þau að nota særandi orðræðu?**



Menningin breytist hægt og rólega og nemendur skilja að særandi orðræða er bönnuð.



Talaðu við nemandann í einrúmi og útskýrðu á ítarlegri hátt hvaða hegðun er ekki í lagi og ítrekaðu neikvæðu áhrifin sem hún hefur á aðra. **Hættir nemandinn að nota særandi orðræðu?**




Stundum tekur það tíma að útskýra fyrir börnum og unglingum að fordómar og særandi orðræða í garð hinsegin fólks er óásættanleg hegðun, sérstaklega ef það var ekki stöðvað áður fyrr. Nemendur sem verða fyrir fordómum eru líklegri til að segja frá öðrum atvikum ef þau sjá að leiðbeinendur stöðva slíka hegðun.


Sjá næstu síðu.



Leitaðu aðstoðar frá þínum yfirmönnum. Nemandinn þarf að skilja hverjar afleiðingarnar verða ef viðkomandi hættir ekki að nota særandi orðræðu. **Hjálpar þetta?**



Þjóðið forsjáraðilum á fund til að ræða hegðun nemandans. Jafnvel þó að forsjáraðilum finnst þessi hegðun vera í lagi þá þýðir það ekki að hinsegin fordómar eða einelti sé leyfilegt.



Það að fá aðstoð frá yfirmönnum til að stöðva særandi orðræðu sendir sterk skilaboð, þ.e. að særandi orðræða og hegðun sem þessi verði ekki liðin.

HVAÐ EF FORSJÁRAÐILAR BREGÐAST ILLA VIÐ?

Útskýrðu fyrir forsjáraðilum mikilvægi siðareglna og jafnréttisstefnu og að hún sé hluti af aðgerðum gegn einelti. Allir nemendur eiga að finna að þeir séu öruggir. Ítrekaðu að forsjáraðilar þurfi að fylgja siðareglum og stefnu skólans/félagsins.

Ef þetta gengur ekki upp er hægt að hafa samband við samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs.

Ef vandamálið er í skólakerfinu er hægt að gera eftirfarandi:

- a) Leita aðstoðar varðandi frekari viðbrögð hjá skólaþjónustu og/eða barnavernd í sveitarfélaginu. Hafa samband við þessa aðila fyrst.
- b) Einnig er hægt að hafa samband við Landsteymi, sem sinnir ráðgjöf og stuðningi í tengslum við skólamál barna.
- c) Hafa samband við fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum ef ekki hefur hefur tekist að uppræta eineltismál sem þessi innan skóla.

Ábyrgð fullorðinna

Fordómar eru vandamálið, ekki manneskjan sem verður fyrir þeim.

ÞJÁLFARAR - LEIÐBEINENDUR - KENNARAR

Þegar þjálfari, leiðbeinandi eða kennari verður vitni að særandi orðræðu þá skiptir mestu máli að stöðva hana í hvert einasta skipti. Með því að hunsa orðræðuna er gefið í skyn að hún sé í lagi, sem hún er ekki, og þá mun hegðunin halda áfram. Mikilvægt er að afsaka ekki óæskilega hegðun og afgreiða sem húmor. Eftir að hafa stöðvað hegðun er mikilvægt að útskýra hvers vegna orðnotkunin er ekki leyfileg.

Yngri börn eru ekki alltaf meðvituð um að orðin séu særandi og eru að apa upp eftir eldra fólki. Það dugir ekki að segja einungis að orðið sé bannað, því það er mikilvægt að börnin séu meðvituð um að orðin séu særandi. Börn vita jafnframt oft ekki hvað það þýðir að vera *hómófóbiskur* eða *transfóbiskur* og því óhentugt að nota slík hugtök til að útskýra skaðsemi orðræðunnar.

„Það má ekki nota [orð/frasa] af því það særir hinsegin fólk og við viljum ekki að neinum líði illa hjá okkur.“

Ef særandi orðræða er vandamál hjá mörgum í hópnum þá er hægt að:

a) Kalla hópinn saman og segja að [orð/frasi] sé ekki í lagi þannig að öll viti það, útskýra af hverju og segja hvað gerist ef hegðunin hættir ekki.

b) Hjá yngri iðkendum gæti þurft að ræða við foreldra eða halda foreldrafund, en hjá þeim eldri getur verið árangursríkt að halda fræðslu um hinseginleika.

Gott er að nýta tækifærið og sýna stuðning við hinsegin fólk þegar hegðunin er stöðvuð:

„Þessi orð særa hinsegin fólk og það er ekki í lagi. Það á öllum að líða vel í starfinu hjá mér og það gildir um hinsegin fólk líka.“

Í kjölfar þess að hegðun er stöðvuð þarf að muna að **styðja við einstaklingana sem orðræðan beinist gegn** og segja beinum orðum að þeir hafi stuðning.

Ef viðkomandi er opinberlega hinsegin er hægt að ítreka stuðning við hinsegin fólk beint í samtali. Einnig getur verið gott að ræða við geranda í einrúmi og reyna að skilja hvers vegna hann er að segja þessi orð. Oftar en ekki eru þetta ómeðvitaðir fordómar þar sem við komandi er ekki meðvitaður um að orðin eru særandi. Ef það kemur í ljós að særandi orðum var sérstaklega og meðvitað beint gegn hinsegin einstaklingi þarf að leita annarra lausna.

DÓMARAR

Dómarar gegna mikilvægu hlutverki í að skapa jákvætt og öruggt íþróttumhverfi fyrir alla. Þeir geta gert það með því að stöðva fordóma í garð hinsegin fólks, sem birtast oft sem særandi orðræða eða hegðun. Niðrandi köll að hinsegin fólki eða athugasemdir um að þau séu ekki hæf til að stunda íþróttina vegna hinseginleika eru fordómar sem eru alveg jafn alvarlegir og fordómar í garð fólks út frá til dæmis húðlit, fötlun eða þjóðerni.

Slíkt þarf því að **stöðva í hvert einasta skipti** og gera að brotttrekstrarsök, þar sem það á við. Þar skiptir máli að regluverkið styðji við dómarrann.

Gott er að skrifa niður það orð/frasa/hegðun sem orsakaði brottvísun og útskýra síðan af hverju það var brot. Slíkt setur mikilvægt fordæmi og sýnir með skýrum hætti hvað gerist ef annað fólk fremur sama brot.

Dómarar geta frætt íþróttafólk og þjálfara um hvaða hegðun sé ekki í lagi, þannig að fólk viti hverju er við að búast ef reglur eru brotnar.

Ef atvik gerist utan vallar eða dómari er sjálfur fordómafullur er hægt að tilkynna það til samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs.




ÁHORFENDUR

Fordómalaust umhverfi þarf að ríkja hvar sem börn og ungmenni taka þátt í íþrótta-, tómstunda- eða æskulýðsstarfi. Í íþróttum er sérstaklega mikilvægt að stöðva fordómafulla hegðun áhorfenda á mótum.

Ef særandi orðræða er notuð meðal áhorfenda er mikilvægt að aðrir áhorfendur geti stigið inn í og hafi stuðning af til dæmis sýnilegum siðareglum.

Einnig getur starfsmaður eða sjálfboðaliði tekið að sér hlutverk hliðarlínuvarðar, sem bæði fylgist með tóni hvatningar og særandi orðræðu. Sá getur beðið fólk um að gæta að orðbragði sínu og komið með ábendingar um það hvernig sé frekar hægt að hvetja áfram.




Íþróttar-, tómstunda- og æskulýðsstarf er oft afar stór þáttur í lífi barna og ungmenna. Það er því sérstaklega mikilvægt að öll börn og ungmenni upplifi sig velkomin í hvívetna. Inngildandi umhverfi gagnast öllum, ekki aðeins hinsegin börnum og ungmennum heldur einnig fjölskyldum, starfsfólki og öðrum sem koma að starfinu á einn eða annan hátt.



Hvert er hægt að leita?

Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs
Ráðgjafarþjónusta Samtakanna '78



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Samtökin '78
Félag hinsegin fólks á Íslandi